

Erlend verkefni 2022-2023

Samtals fara 23 starfsmenn í átta námsferðir til fimm landa í Evrópu. 18 starfsmenn taka þátt í sex ferðum styrktum af Erasmus+. Þetta eru tveggja til sjö daga ferðir á ráðstefnur og námskeið í fimm löndum í Evrópu. Námsferð á Bett í London er styrkt af SEF. Tveir kennarar fara í undirbúningsferð til Danmerkur með styrk frá Nordplus. Einnig tekur MS á móti ýmsum gestum frá Evrópu og víðar og tekur þátt í WES, rafrænni alþjóðlegri ráðstefnu um menntamál.

Tveir nemendahópar fóru í heimsóknir til Evrópulanda til að kynna sér erlenda menningu undir handleiðslu kennara sinna; Hópur nemenda í þýsku í heimsókn til Berlínar og nemendahópur í frönsku heimsótti París.

Námsferðir skólaárið 2022-2023

Námsferðir á skólaárinu 2022-2023 voru hluti af uppsöfnuðum ferðum sem ekki var hægt að fara í sökum Covid19 takmarkana. Samtals tóku 10 starfsmenn þátt í sex ferðum styrktum af Erasmus+ sjá lista hér fyrir neðan. Þetta voru fimm til sjö daga ferðir í starfsspeglun og námskeið í fimm löndum í Evrópu. Tveir kennarar fóru í undirbúningsferð til Lettlands með styrk frá Nordplus.

Erlend verkefni 2021 - 2022

Erasmus+ verkefni: Starfsþróun til að efla faglega starfsþróun kennara

1. Starfsspeglun í hagfræði, 20.11.22-26.11.22 Við Trinity Collage, Dublin á Írlandi, 5 dagar
 - Sigmar Þormar
2. Exploring modern and contemporary art in Paris, Frakkland 15.05.23-20.05.23 5 dagar
 - Ólöf Björnsdóttir, kennari í myndlist

Erlend verkefni 2020 - 2021

Erasmus+ verkefni: Starfsþróun til að efla verkefnamiðað nám

1. Social and Emotional Learning: Understand, Plan, Implement, Barcelona, 6 dagar
<https://www.teacheracademy.eu/course/social-and-emotional-learning-for-teachers-understand-plan-implement/>
 - Brynhildur Einarsdóttir, kennari í sögu
 - Steinunn Egilsdóttir, kennar í íslensku

2. Teach the Twist! Motivate your students with Creative Teaching Strategies í Berlín, 6 dagar
<https://www.teacheracademy.eu/course/teach-with-a-twist-engaging-your-students-with-more-creativity/>
 - S. Lilja Guðbjörnsdóttir, kennari í stærðfræði
 - Ólafur Þórisson, kennari í hagfræði og stærðfræði
3. Project-Based Learning (PBL): Make Students' Learning Real and Effective!, 14.-19. nóvember, Berlín, 6 dagar
 - Gunnvör Rósa Eyvindardóttir, kennari í félagsfræði og kynjafræði
 - Þórunn Steindórsdóttir, kennari í félagsfræði
 - Ylfa Björg Jóhannesdóttir, verkefnastjóri um erlent samstarf, kennari í hagfræði
4. Umhverfisfræði, Kaupmannahöfn, starfsspeglun, 01.05.23-06.05.23 5 dagar
 - Katrín Magnúsdóttir

Verkefni með styrk frá Nordplus

- Nordplus verkefni 2022-2023 með SE-Katedralskolan í Svíþjóð, FO-Glasir í Færeyjum og Aurehøj Gymnasium í Kaupmannahöfn
 - Lóa S. Kristjánsdóttir, sögukennari
 - Trine Holm Houmøller, dönskukennari

- Nordplus verkefni 2023-2025 Love for water is in the air

Sótt var um Nordplus verkefni í samstarfi við Finnland, Lettland og Litháen. Í desember 2022 fóru 2 kennarar Lóa og Trine til Lettlands að skrifa umsóknina.

- Trine Holm Houmøller, dönskukennari
- Lóa S. Kristjánsdóttir, sögukennari
- Ylfa Björg Jóhannesdóttir, verkefnastjóri um erlent samstarf, kennari í hagfræði

World Education Summit

MS tók þátt í alþjóðlegri ráðstefnu á netinu, World Education Summit frá 18. til 21. mars 2023 eins og árið áður 2022. Skólinn keypti aðgang fyrir 18 kennara og starfsmenn og hafa þeir einnig aðgang að hluta erindanna á næsta skólaári. Þátttakendur komu frá langflestum deildum skólans. Einnig var skipulagt hópáhorf í Bjarmalandi. Ráðstefnan var skipulögð af Osiris Educational á Englandi og John Hattie frá Nýja Sjálandi sem er hugmyndafræðingur Visible Learning. Yfir 300 fyrirlesarar komu fram og margir heimsfrægir menntunarfræðingar voru meðal þeirra t.d. John Hattie, Guy Claxton og Mikael Fullan. Dagskrá ráðstefnunnar stóð frá 8 á morgnana til 8 á kvöldin nema fyrsta daginn frá kl. 11 og á hverjum tíma voru átta málstofur í gangi og voru þær skipulagðar út frá átta sviðum. Næsta ráðstefna er 18-21. mars 2024. Erasmus styrkir ekki þessa ráðstefnu.

Evrópskir kennarar í heimsókn

16 kennarar og 8 skólastjórnendur frá 8 löndum í Evrópu komu í heimsókn í MS 11. október 2022, skoðuðu skólann, fengu fræðsluerindi um skólastarfið í MS og fóru í heimsóknir í kennslustundir og fylgdust með starfinu í skólastofunum. Annar hópur 19 evrópskra kennara og þriggja skólastjórnenda kom í heimsókn 21. mars 2023 og fengu sömu dagskrá.

Franskir stjórnendur í undirbúningsheimsókn

2 franskir skólastjórnendur komu í undirbúningsheimsókn að skipuleggja stærri ferð fyrir 15 skólastjórnendur á vorönn.

Starfsspeglun frá Austurríki í kynjafræði

28. febrúar 2023 komu þrjú kennarar í starfsspeglun í kynjafræði frá Vínarborg. G. Rósa tók á móti þeim og þau fylgdust með kennslu hjá henni og fleiri kennurum. Þau heimsóttu einnig Borgarholtsskóla þar sem Hanna Björg kynjafræðikennari tók á móti þeim.

- G. Rósa Eyvindardóttir

Franskir skólastjórnendur í heimsókn

27. mars 2023 tók skólinn á móti 15 skólastjórnendum í heimsókn frá Frakklandi. Þau fengu kynningu á skólanum, starfendarannsóknum og leiðsagnarnámi. Þau fengu og skoðunarferð um skólann og töluðu við kennara og stjórnendur. Tveir franskir stjórnendur funduðu með Helgu rektor, Fanný fyrrverandi frönskukennara við skólann og Ylfu verkefnastjóra um erlent samstarf þar sem þau lýstu áhuga á frekara samstarfi og buðu okkur að taka þátt í Erasmus samstarfsverkefni. Þau hafa áhuga á að senda nemendur til okkar í heimsókn og eru tilbúin að taka á móti nemendum frá okkur.

Ítalskir kennarar í heimsókn

24.-28. apríl 2023 fengum við heimsókn frá 7 ítölskum kennurum sem við heimsóttum í haust. Þau fylgdust með kennslustundum, skoðuðu skólann undir leiðsögn nemenda og fengu kynningu á skólastarfinu og nemendastarfinu. Þau heimsóttu Fab lab í FB ásamt Hjördísi Öldu kennslustjóra og Lilju konrektor. Þau fóru einnig í heimsókn í FMOS og skoðuðu skólann þar.

Finnskir nemendur og kennarar í skólaheimsókn

11. maí 2023 tókum við á móti hópi af 16 finnskum nemendum og 2 kennurum í skólaheimsókn. Nemendur kynntu skólann sinn og Finnland fyrir nemendum í MS og nemendur úr MS kynntu Ísland fyrir þeim. Þau fylgdust með í kennslustundum og skoðuðu skólann.

Heimsókn sérfræðinga sem kynntu Erasmus+ verkefni sitt

13. apríl komu Finn Brostrup Johansen frá Hjørring Gymnasium á Jótlandi og Kristian B. Arentsen Duborg Skolen í Flensborg í Þýskalandi og kynntu samstarfsverkefni fjögurra skóla, tveir í Danmörku og tveir í Þýskalandi. Verkefnið er Erasmus+ verkefni og markmiðið er að ná til nemenda sem þeir kalla á dönsku „gymnasiefremmede“. Þar er átt við nemendur sem af ýmsum ástæðum eiga erfitt með að tileinka sér námið í framhaldsskóla. Ástæðurnar geta verið

af mörum og ólíkum toga, félagslegar, námserfiðleikar, ADHD, lágt sjálfsmat, neikvætt viðhorft til skóla, erfiðleikar tengdir skólakerfinu og fleira. Markmið er að halda nemendum í skóla og finna leiðir til þess, t.d. með breyttum kennsluháttum, skapandi starfi og fleira.

- Lóa Steinunn Kristjánsdóttir, sögukennari hafði umsjón

Heimsókn Nordplus kennara frá Svíþjóð

Sænskir kennarar (Peter, Jörgen og Joy) og nemendahópur þeirra heimsótti skólann 24.-25.05.23

Þau eru hér á vegum Nordplus og eru að þróa verkefni sem tengir saman atvinnulíf og skóla. Þau fylgdust einnig með ráðstefnu útskriftarnema.

- Brynja Gunnlaugsdóttir, líffræðikennari
- Karen Pálsdóttir, líffræðikennari

Heimsókn kennara í starfsspeglun frá eyjunni Réunion í Indlandshafi úti fyrir austurstönd Afríku

Sjö kennarar í listum, jarðfræði og raunvísindum komu í starfsspeglun í MS 16. til 19. maí 2023. Kennarar í frönsku í MS undirbyggðu heimsóknina með þeim. Þau heimsóttu einnig Landakotskóla. Þau fengu kynningu á skólastarfinu, heimsóknir í kennslustundir og vettvangsferðir í Reykjavík undir leiðsögn Petrínar Rósar Karlsdóttur frönskukennara. Einnig kynntu þau Réunion fyrir starfsfólki MS og fyrir nemendum í frönsku. Fundur var haldinn með þremur fulltrúum úr hópnum frá Réunion, Helgu rektor, Lilju konrektor, Petrínu frönskukennara og Ylfu verkefnisstjóra um erlent samstarf. Rætt var um möguleika á áframhaldandi samstarfi við Réunion. Frönskukennarar og rektor hafa áhuga á að fara í námsferð til Réunion, starfsspeglun í skóla og læra um menningu og náttúru eyjunnar. Einnig spurning um að bæta jarðfræði og listgreinakennara í feðahópinn. Rætt um möguleikann á að fara í tveggja vikna ferð til Réunion í nóvember 2023. Best að ferðast þangað í gegnum París. Búið er að sækja um styrk fyrir ferðinni fyrir 5 kennara/starfsmenn í 15 daga.